

FUNDARGERÐ

168. stjórnarfundur KRAFT

168. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 29. ágúst 2024, kl. 20.00 á Google Meet.

Fundarmenn : Hinrik, Þórunn Brynja, Auðunn, Aron Ingi, Kristleifur, María, Lára og Laufey
Fjarverandi: -
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. RIG

Umræða um þátttöku KRAFT á RIG. Mikil vinna og kostnaður fer í mótið og erfitt hefur verið að fá erlenda gestaþáttakendur þ.s. ekki er lengur hægt að setja alþjóðleg met á mótinu. Einnig eru önnur alþjóðamót framundan á Íslandi, HM í búnaði í nóvember og NM unglunga á næsta ári. Stjórn er sammála um að taka ekki þátt í RIG á næsta ári. Fyrir stjórnarfund var búið að heyra í landsliðsnefnd sem er sammála stjórn.

Stjórn samþykkti samhljóða að taka ekki þátt í RIG 2025. Staðan verður metin aftur að ári og framtíð kraftlyftinga á leikunum þá ákveðin.

3. ASJ

Formaður og íþróttastjóri tóku saman skýrslu um afreksstarf fyrri hluta árs sem hefur verið send á Afrekssjóð ÍSÍ.

4. LÁGMÖRK

Vinna við uppfærslu á lágörkum er í vinnslu. Landsliðsnefnd tekur til umræðu. Þaðan til stjórnar til samþykkis. Hinrik heyrir í formanni landsliðsnefndar.

5. KYNNINGARFUNDUR ASJ

Var haldinn í dag og mættu Hinrik og Kristleifur fyrir hönd sambandsins. KRAFT á fund með ASJ í september, áætlaður eftir NM. Umsóknareyðublað til ASJ verður eins uppsett og síðast.

6. STARFSHLUTFALL

Starfshlutfall íþróttastjóra hefur verið 30% en á að hækka í 50% sbr. ASJ. Þarf að uppfæra samning.

7. SBD

Formaður verður í sambandi við SBD vegna reiknings í tengslum við landsliðsbúninga.

8. MÓTAREGLUR

Laga þarf orðalag í 19. gr. í mótareglum. Ritari kemur með tillögu fyrir stjórnarfund.

9. HEIMASÍÐA KRAFT

Bæta þarf inn merkjum samstarfsaðila og uppfæra aðalmynd á heimasíðu. Laufey og María skoða málið.

10. SÍÐUSTU MÓT

Síðustu mót voru ÍM í réttstöðulyftu (klassík og í búnaði) og Bikarmót í klassískri bekkpressu. Bæði mótin gengu mjög vel. Deddmótið var haldið af KA á Akureyri og bekkmótið af Ármanni í samstarfi við SBD Ísland. Bekkmótið var sk. menningarbikar þ.s. mótið færðist á menningarnótt Reykjavíkurborgar og vakti athygli þar sem hluti af dagskrá dagsins.

11. HM Í BÚNAÐI

Íþróttastjóri sendir lista á landsliðsnefnd með tillögum um keppendur. Landsliðsnefnd tekur fyrir.

12. EM UNGLINGA

Verið er að ganga frá flugmiðum o.fl.

13. ÞJÁLFAFNÁMSKEIÐ

Vegna HM í búnaði verður því seinkað fram í janúar 2025.

14. ÖNNUR MÁL

-

15. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

16. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 21.20